

L Ö G

**um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt,
með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir 2. mgr. 69. gr. C (Húsnæðisbætur), sbr. 9. gr. l. nr. 92/1987, komi ný málsgrein svohljóðandi:

Rétt til húsnæðisbóta skv. 1. mgr. getur maður öðlast sem byggir eða kaupir nýtt íbúðarhúsnæði í stað húsnæðis sem úrskurðað hefur verið óhæft til íbúðar, verðlaust eða til niðurrífs, enda sé það staðfest með tilskildum vottorðum opinberra aðila.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. maí 1989.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ólafur Ragnar Grímsson.

L Ö G

um breytingu á lögum um loftferðir, nr. 34/1964.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á eftir V. kafla laganna kemur nýr kafli, V. kafli A, Vinnuumhverfi áhafna loftfara, með átta greinum, 54. gr. A–H, svohljóðandi:

V. KAFLI A

Vinnuumhverfi áhafna loftfara.

a. (54. gr. A)

Ákvæði þessa kafla gilda um alla starfsemi sem áhöfn loftfars vinnur fyrir flugrekanda.

Flugrekandi er sá sem fengið hefur leyfi samgönguráðherra til loftferðastarfsemi í samræmi við ákvæði laga þessara.

Með ákvæðum þessa kafla er leitast við að

a. tryggja öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi,